

Ég sem ábúandi og eigandi næstu tveggja jarða (Galtalæk og Fellsenda) mótmæli því að starfsleyfi verði gefið út og áskil mér þann rétt að fara með þessa leyfisveitingu ef af verður til æðri dómstóls utan 200 mílna.

Síðasta eftirlits skýrsla sem er aðgengileg á netinu 25/7 2022 er frá 8/12 2020. Hvar eru nýjustu skýrslur? Og af hverju eru þær ekki aðgengilegar?

Fyrirtækið hefur farið ítrekað yfir leyfileg mörk, fyrir td Vetnisflúorið

Flúor og önnur spilliefni hafa aldrei verið með eins há gildi utan þynningarsvæðis samanber síðustu skýrslu af Grundartanga svæðinu og frétt úr henni <https://www.visir.is/g/20222276076d> en mínar jarðir eru báðar innan þynningarsvæðis og þrátt fyrir að það sé þinglýst á þær báðar að það sé EKKI þynningarsvæði á þeim og megi ekki vera, hefur þessi verksmiðja fengið grænt ljós frá umhverfisstofnun um að hún megi menga það mikið að það sé heilsuspillandi og í raun bannað að búa innan jarðanna, og ekki megi nota þetta landbúnaðarland sem er skjalfest í aðalskipulagi að sé landbúnaðarland. Samt er búið á þessum jörðum og engin hefur talað við landeigendur. Og þau svör að það eigi að taka þynningarsvæði af þessum jörðum eins og til stendur er ekkert svar því eina sem það gerir er að annað nafn kemur í stað þynningarsvæðis og áfram sömu kvaðir.

Einnig tala myndir sínu máli að fyrirtækið er ekki að fara eftir gildandi starfsleyfi. Ítrekað hefur það verið tilkynnt en ekki sjáanlegar umbætur gerðar. Læt nokkrar myndir fylgja með. En bara nokkrar, eining eru þetta heilu myndböndin af reyk, ryk og gasi sem til eru í safni og sést fara beina leið í andrúmsloftið. Þær skipta í heildina um 870 stk af hinum ýmsu frávikum frá Alur verksmiðjunni. Þessar fáu sem ég sendi með eru frá ýmsum tímum þegar ryk-reykur-gas fer beina leið út úr húsi og eining þegar verið er að keyra efni frá verksmiðju og losa það (oft að nóttu til einhverra hluta vegna) í sjóinn. Mikil mengun fer þá um allt. Myndir vegna flutnings og losunar á gjalli og saltköku. Efnið er flutt á opnum bílum og sturtað við mikla ryk myndun sem fýkur um allt svæðið. Eining set ég eina mynd þegar „kraumar“ í sjónum eins og heitur hver sé undir en þá er saltkaka að leysast upp (sem má ekki komast í vökva) en við það myndast gas. Þetta hefur ítrekað verið gert. Víkuna 1/8 til 6/8 2022 var til t,d strókur upp um þak og út um oppnar hurðar alla daga. Þetta er ekki ásættanlegt, hvorki fyrir umhverfið né önnur fyrirtæki sem starfa á svæðinu í svipuðum geira.

Þá er það aðal rökin að áframhaldandi starfsleyfi verði ekki gefið út.

Alur Álvinsla mengar út fyrir lóðarmörk sýn. Þar hefur hún ekki leyfi fyrir að þynna út mengun og Umhverfistofnum hefur ekki leyfi landeiganda til að gefa það leyfi. Það er þinglýst á bæði Fellsenda og Galtarlæk að það sé bannað að setja mengun á þetta landbúnaðar land. (Staðfest) Það er hvergi staðfest (þinglýst) að það sé leyft þynningarsvæði á grundartanga. Ef það væri svæði sem leyft er að þynna út mengun þá væri bannað að búa á því svæði en þessar 2 jarðir sem taldar eru upp eru með 3 íbúðarhúsum og búið í þeim öllum. Aldrei hefur verið talað við landeiganda frá upphafi og er það staðfest með svörum sveitastjóra við þeirri spurningu. Verði gefið út leyfi áskilur landeigandi sér rétt til að lögsækja þann aðla sem skrifar undir það leyfi fyrir hönd umhverfisstofnunar. Þynningar svæði er í aðalskipulagi hvalfjarðarsveitar fyrir árin 2008 til 2020 en ekki verið gefið út í nýju skipulagi enda verið að vinna það ennþá en þar var því mótmælt það þetta svæði væri inni án allra leyfa og án samráðs við landeigendur.

Bls 6 í starfsleyfi segir

Álgjall skal flytja og geyma á viðurkenndan hátt þannig að farmurinn sé varinn fyrir raka og ekki stafi rykmengun af farminum. Til að takmarka dreifða losun frá geymslu hráefna gildir að nota skal sambland af tækni sem lýst er í viðauka 3 8. Til að takmarka dreifða losun frá meðhöndlun og flutningi hráefna gildir að nota skal sambland af tækni sem lýst er í viðauka 4 9.

Bls 10 í starfsleyfi segir

3.17 Afsogsryk Afsogsryki frá hreinsibúnaði skal safnað saman og það flutt til endurvinnslu. Geymsla afsogsryks á lóð skal ekki vera til langframa og skal mest nema þriggja mánaða framleiðslu og skal ekki valda mengun. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um það ef ekki er tiltækur viðurkenndur endurvinnsluaðili og getur stofnunin þá heimilað förgun efnisins til viðurkenndra förgunaraðila.

Hefur þetta verið borið undir Umhverfisstofnun og hún gefið leyfi fyrir förgun og hvar var efninu fargað með leyfi umhverfisstofnunar?

Starfsleyfið hlýtur að falla um sig sjálft hjá þeim fyrirtækjum sem þurfa að þynna út mengun til að geta starfað. Ef ekki er leyfi fyrir „Viðtaki“ á stærra landi en lóðarhafi er með leyfi fyrir sig.

Hér eru staðreyndir um aðrar stóryðjur og hvernig á að gera þetta á réttan hátt.

Þegar straumsvík var reist og áður en rekstur hófst var samið við landeigendur og gerðar ráðstafanir svo hægt væri að starfrækja mengandi verksmiðju

Þegar Fjarðaál var reist og áður en rekstur hefst var sest niður með landeiga en nú er það svæði í eigu sveitarfélags og ríkis.

Viðtaki = Svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir

Þynningarsvæði = Sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og eftirlitsaðilarsamþykking að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum. **En þarf ekki samþykki landeiganda**

VI. KAFLI

Íbúðarhúsnæði, starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir.

Þynningarsvæði.

23. gr.

Íbúðarhúsnæði skal ekki vera á þynningarsvæði samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þeirrar starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gunnar Þór Gunnarsson

2802793319